

1872.

4. septbr.

86. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppgjóf á jarðarafgjaldi.

Í bréfi, dagsettu 15. f. m., hafið þér, herra stiptamtmaður, samkvæmt bænarskrá hlutaðeiganda umboðsmanns lagt til, að gefa megí upp leiguliðunum á jörðunni Grímstöðum, sem heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, Markúsi Jónssyni og ekkjunni Vilborgu Stígsdóttur, tveggja ára afgjald af jörðunni, sem endurgjald fyrir að orðið hafi að flytja húsin á óhulltari stað sökum ágangs af sandfoki.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið leyfir, eptir því sem á stendur, að tæðum leiguliðum verði gefin upp tveggja ára land-skuld og leigur, eins og stungið var uppá.

6. septbr.

87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um brot gegn íslenskum lögum um fiskiveiðar og verzlun.¹⁾

Með bréfi 19. maí 1868, sendi utanríkisstjórnin hingað endurrit af bréfi, þarsem frakkneski sendiherrann, sem þá var hér, sumpart fór fram á, að skipstjóri *Allenou* í *Paimpol*, sem hafði gjört sig sekan gegn íslenskum lögum um fiskiveiðar og verzlun, sérílagi með því að bera upp vörur nokkrar á verzlunarstaðnum Grundarfirði í vesturamtinu, mætti vera undanþeginn því, að greiða bæði lestagjald, sem gjalda bar af skipum hans, og sektir þær, sem fyrir er mælt um í lögum 15. apríl 1854, 9. gr., og að það lagahald, sem lagt hafði verið á vörurnar, sem lagðar voru á land á Grundarfirði, til tryggingar sektum og gjaldi, yrði af numið, sumpart mæltist til, að það verði framvegis leyft frakkneskum

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 611.

fiskiskipum, án þess að borga lestagjald, að leggja upp á Íslandi muni þá, sem þeir þurfa til atvinnu sinnar, með þeim skilyrðum, að eigi verði við höfð ólögleg verzlun.

1872.

6. septbr.

Einsog utanríkisstjórninni mun kunungt hefir verið farið eptir þessari ósk í 4. gr. í tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland, sem kom út 12. febr. þ. á., en á hinn bóginn hefir dómsmálastjórnin ekki fundið næga ástæðu til að taka til greina það, sem sendiherrann hafði farið fram á viðvikjandi *Allenou*, og þareð hann eigi síðar borgaði gjaldið og sektirnar, voru vörurnar, sem kyrsettar voru, geymdar. Með því samt sem áður, að amtmaðurinn yfir vesturumdæminu í bræfi 17. nóvbr. f. á. skýrði frá, að vörur þessar, — sem voru nokkuð af salti — hefði rýrnað mjög með því að liggja svona, og mundu rýrna enn meir, ef þær væri látnar liggja lengur geymdar, fannst stjórnarráðinu réttast, að láta selja vörurnar við opinbert uppboð. Eptir skýrslu amtsins seldist saltið við uppboð það, sem samkvæmt skipun stjórnarráðsins var haldið og fram fór 12. júním. þ. á., fyrir 67 rd. 12 sk., að frá dregnum öllum kostnaði, en það mátti álita viðunanlega borgun eptir því, hvernig vörurnar voru á sig komnar. Þessi upphæð er þó naumast meira en hér um bil $\frac{1}{4}$ partur af lestagjaldi því, sem greiða átti af skipum þeim sjö, sem í hlut áttu, enn á hinn bóginn samsvarar hún lægstu sektum eptir 9. gr. í lögum 15. apríl 1854, sem liggja við fyrir afbrot þetta, svo að eins munar 2 rd. 84 sk.; sökum þess hefir stjórnarráðið álitid, að sektirnar megi vera borgaðar með því, sem fékkst við uppboðið fyrir saltið, og látið greiða fæð til hlutaðeiganda fátækra sjóðs, en að öðru leyti hefir stjórnarráðinu fundizt að sök-in mætti falla niður, einkum vegna þess, að svo langur tími er liðinn frá því, að afbrotið var drýgt, og svo af því, að nú gilda önnur lög um þetta, en þá; stjórnarráðið mælist því til, að utanríkisstjórnin vili skýra hinum frakkeska sendiherra hér frá þessum úrskurði dómsmálastjórnarinnar.